

Mál nr. 151/2013

**M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns bifhjóls.**

Stjórnandi torfærubifhjóls slasaðist er hann féll af hjólinu við akstur í vikurnámu.

Gögn.

- 64. Málskot, móttakið 17.2013, ásamt fylgigögnum.
- 65. Bréf X, dags 26.4.2013.

Málsatvik.

Hinn 14.8.2010 var M við akstur á torfærubifhjóli sínu, A, í vikurnámu við Heklurætur. Féll M af hjólinu og varð fyrir meiðslum. Á þeim tíma er slysið varð mun M hafa verið keppnismaður í mótorkrossi og tekið þátt í Íslandsmeistaramótinu í þeirri íþrótt sumarið 2010.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns A hjá X. X hefur hafnað kröfu M þar sem hann hafi verið við æfingar fyrir Íslandsmeistaramótið er slysið varð, en skv. 12. gr. í 1. kafla, sbr. 10. gr. þeirra vátryggingaskilmála sem um vátrygginguna gilda, nái vátryggingin ekki til tjóns við kappakstur eða aksturskeppni né æfinga við slíkan akstur nema um annað sé samið og þess sé getið á vátryggingarskírteini. M hafi ekki samið um þá viðbótarvátryggingarvernd sem hér er getið.

Álit.

M hefur alfarið neitað því að hann verið við æfingar fyrir aksturskeppni þegar slysið varð. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að slysið hafi orðið á skipulögðu akstursíþróttasvæði eða að svæðið hafi að öðru leyti verið skipulagt eða útbúið sérstaklega til að stunda þar keppni eða æfingar í mótorkrossi. Gegn neitun M verður að telja ósannað að hann hafi verið við æfingar fyrir kappakstur eða aksturskeppni er slysið varð. X getur því ekki borið fyrir sig fyrrgreint undanþáguákvæði í vátryggingarskilmálum sínum til að undanþiggja sig ábyrgð. Líkamstjón M telst því bótaskyld úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns A hjá X.

Reykjavík, 14. maí 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.